Ár 2014, fimmtudaginn 14. ágúst, var haldinn fundur í áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Fyrir var tekið mál nr. 4/2013:

Sigurjónsson & Thor ehf.
f.h. UNI-CHARM CORPORATION,
Japan
gegn
Einkaleyfastofunni
vegna
ákvörðunar hennar
frá 31. maí 2013
um að hafna skráningu á
vörumerkinu BodyFit,
sbr. umsókn nr. 357/2012.

Kveðinn var upp svofelldur

úrskurður:

Með bréfi, dags. 17. júlí 2013, skaut umboðsmaður áfrýjanda til áfrýjunarnefndar ákvörðun Einkaleyfastofunnar (ELS) frá 31. maí 2013, um að hafna umsókn um skráningu á vörumerkinu BodyFit, sbr. umsókn nr. 357/2012. Þess var krafist að ákvörðun ELS yrði hrundið.

Málavextir:

I.

Með umsókn nr. 357/2012, dags. 14. febrúar 2012, óskaði umboðsmaður áfrýjanda eftir skráningu á vörumerkinu BodyFit fyrir nánar tilgreindar vörur í flokki 5.[1]

[1] Vörulistinn var svohljóðandi: Lyfjablöndur fyrir menn og blöndur til dýralækninga; efnablöndur til hreinlætisnota í læknisfræðilegum tilgangi; sérfæði og næringarefni fyrir menn og dýr, barnamatur; fæðubótarefni fyrir menn og dýr; plástrar, sárabindi; tannfyllingarefni, vax til tannsmíða; sótthreinsiefni; efni til að eyða meindýrum, sveppum og illgresi; dömubindi; buxnainnlegg (til hreinlætisnota); tíðatappar/túrtappar; buxur til hreinlætisnota; bleyjur; bleyjubuxur fyrir börn; einnota bleyjur eða bleyjur úr pappír eða sellulósa fyrir börn; bleyjur eða bleyjur úr pappír eða sellulósa í formi buxna/í þar til gerðar buxur fyrir börn; þurrkur/serviettur fyrir börn; bleyjur til að nota í tengslum við lausheldni/þvagleka/hægðaleka; bleyjur eða bleyjur úr pappír eða sellulósa í formi buxna/í þar til gerðar buxur til að nota í tengslum við lausheldni/þvagleka/hægðaleka; bindi/púðar/hlífar til að nota í tengslum við lausheldni/þvagleka/hægðaleka; innlegg til að nota í tengslum við

Með bréfi ELS til umboðsmanns áfrýjanda, dags. 9. júlí 2012, var honum tilkynnt um að merkinu yrði synjað um skráningu að svo stöddu á grundvelli 1. mgr. 13. gr. laga um vörumerki nr. 45/1997 (vml.). ELS taldi merkið vera of almenns eðlis og því væri það ekki til þess fallið að gefa vörunni sérkenni í huga almennings. Bent var á að talið væri andstætt tilgangi vörumerkjalaga að einstakir aðilar gætu helgað sér skammstafanir eða orðatiltæki sem væru mjög almenns eðlis. Þá gerði ELS athugasemd við vörulista umsóknar þar sem laktósi (mjólkursykur) væri tilgreindur sem vara sem félli undir 5. flokk. Vísað var til þess að samkvæmt 10. útgáfu Nice-flokkunarkerfisins félli laktósi undir 1. flokk ef hann væri til iðnaðarnota en til lyfja- eða læknisfræðilegra nota félli hann undir 5. flokk. Þá var bent á að í vörulista umsóknar væri að finna tilgreininguna „blautþurrkur-/klútar" en samkvæmt flokkunarkerfinu félli sú tilgreining undir 3. flokk ef hún væri til hreinlætis- eða snyrtifræðilegra nota en undir 5. flokk ef hún væri til lyfja- eða læknisfræðilegra nota.

Í bréfi umboðsmanns áfrýjanda til ELS, dags. 20. nóvember 2012, var bent á að ELS hefði þegar samþykkt að „laktósi" heyrði undir 5. flokk og var óskað eftir því að tilgreiningunni „blautþurrkur/-klútar" í vörulista yrði breytt í „blautþurrkur/-klútar vættar með áburði/smyrslum/kremi til lyfjafræðilegra nota". Þá var vísað til þess að hugsanlega byggðist synjun ELS á því að orðið BodyFit væri samsett úr orðunum „body" og „fit" og að merking þessa samsetta orðs teldist þekkt þannig að það skorti aðgreiningarhæfi fyrir vörur í 5. flokki. Því næst var vísað til athugasemda með því frumvarpi sem varð að vörumerkjalögum þar sem fjallað er um þau tvö sjónarmið sem krafan um aðgreiningarhæfi og sérkenni grundvallist á. Annars vegar að einfaldar myndir, mynd af sjálfri vörunni eða lýsing á henni væri ekki til þess fallin að gefa vöru sérkenni í huga almennings. Hins vegar væri ekki talið réttmætt að einstakir aðilar gætu helgað sér almennar lýsingar á vöru enda myndi slíkt takmarka svigrúm annarra til að gera grein fyrir sinni vöru. Umboðsmaður áfrýjanda kvað ekki lagaskilyrði fyrir því að hafna skráningu á vörumerkinu BodyFit enda hefði það enga þekkta merkingu og væri ekki til í orðabókum. Bent var á að hið samsetta orð væri ekki málfræðilega rétt og voru tilgreindar merkingar orðanna samkvæmt ensk-íslenskri orðabók. Því næst benti umboðsmaðurinn á nokkrar skráningar sem hann taldi veita fordæmi fyrir því að skrá bæri

---

lausheldni/þvagleka/hægðaleka; buxur til að nota í tengslum við lausheldni/þvagleka/hægðaleka; innlegg/bindi/púðar/lekahlífar til að nota í tengslum við brjóstagjöf; buxur/skýlur til að nota í tengslum við lausheldni/þvagleka/hægðaleka; grímur til hreinlætisnota; bindi til að búa um sár; heftiplástrar; rakadræg bómull; grisjur; olíuborinn pappír til læknisfræðilegra nota; lyfjaflögur/-þynnur (pharmaceutical wafer); laktósi (mjólkursykur); mjólkurkennt hveiti/mjöl (fyrir börn); augnleppar til læknisfræðilegra nota; sáraumbúðir/-bindi fyrir eyru; blautþurrkur/-klútar.

merki áfrýjanda, þ.e. Fitbook, skrán. nr. 874/2010, BODY GEAR, skrán. nr. 1354/1998 og BODYJAM, skrán. nr. 9/2005. Einnig var vísað til úrskurðar áfrýjunarnefndar í sk. POWERWARE-máli nr. 3/1990 frá 28. apríl 1992 sem og til úrskurðar norsku áfrýjunarnefndarinnar. Því næst voru talin upp lönd þar sem merkið hefði fengist skráð og hélt umboðsmaður áfrýjanda því fram að aðrir atvinnurekendur hefðu ekki þörf fyrir að nota orðið BodyFit til að auðkenna vörur sínar. Að lokum var bent á að vörumerkið BodyFit hefði fyrst verið notað í Japan árið 1985 og síðar í fleiri löndum, einkum í Asíu. Einnig var vísað til þess að það ætti ekki að koma í veg fyrir skráningu ef merki væri talið gefa eitthvað í skyn um þær vörur sem því væri ætlað að auðkenna og að viðurkennt væri að vísbendandi merki væru skráningarhæf.

Í bréfi umboðsmanns áfrýjanda til ELS, dags. 12. desember 2012, kom fram að áfrýjandi féllist á breytingu á vörulista þannig að í stað „laktósa" kæmi „laktósa í lyfjafræðilegum tilgangi". Einnig að í stað þess að tilgreina blautþurrkur/-klúta „vættar" með áburði/smyrslum/kremi væri notað orðalagið „blautþurrkur/-klútar með áburði/smyrslum/kremi til lyfjafræðilegra nota".

Í bréfi ELS til umboðsmanns áfrýjanda, dags. 9. janúar 2013, var vísað til 1. mgr. 13. gr. vml. og bent á að það væri grundvallarskilyrði fyrir skráningu vörumerkis að það væri til þess fallið að greina vöru/þjónustu eiganda þess frá vöru/þjónustu annarra. ELS vísaði til þess að merki sem eingöngu eða aðeins með smávægilegum breytingum eða viðbótum gæfu til kynna m.a. tegund vöru/þjónustu, ástand, magn, notkun, verð, uppruna eða hvenær vara var framleidd, væru ekki talin hafa til að bera nægjanlegt sérkenni. Bent var á að þessi krafa byggðist á því annars vegar að merki ætti að vera nothæft auðkenni og hins vegar á því að almenn orð, tákn og setningar ættu að vera undanskilin einkarétti þar sem ekki væri talið réttmætt að einstakir aðilar gætu helgað sér almennar lýsingar á vöru/þjónustu enda myndi slíkt takmarka rétt annarra til að gera grein fyrir sinni vöru/þjónustu. Hnykkt var á þeim tilgangi 13. gr. vml. að koma í veg fyrir að einstakir aðilar helguðu sér orð sem gætu takmarkað rétt annarra til að lýsa almennt sinni vöru/þjónustu.

Þá sagði orðrétt:

> Orðasambandið BODYFIT samanstendur af tveimur orðum, *body* og *fit*. Samkvæmt *ensk-íslenskri orðabók á Snöru vefbókasafni* þýðir orðið *body* meðal annars *líkami* eða *skrokkur*. Samkvæmt sömu heimild þýðir orðið *fit* meðal annars *hraustur, vel á sig kominn, hress* og *það að passa*. Um tvö almenn ensk orð er því að ræða. Samkvæmt ofangreindu hefur orðmerkið BODYFIT meðal annars merkingarnar *hraustur líkami* eða *passar líkamanum*. Einkaleyfastofan telur því umrætt orðmerki vera almenns eðlis í samhengi við þær vörur sem það óskast skráð fyrir og ekki til þess

> fallið að aðgreina vörur umbjóðanda ykkar frá sambærilegum vörum annarra þar sem það er sérkennalaust í skilningi 1. mgr. 13. gr. vml.

Í bréfi ELS var því bætt við að það væri ekki talið skipta máli að orðið BodyFit hefði ekki þekkta merkingu og fyndist ekki í orðabók. Þá væri málfræðileg uppsetning merkisins ekki sérkennileg í skilningi vörumerkjalaga að mati ELS. Bent var á að við mat á skráningarhæfi merkis væri heildarmynd þess metin. Vísað var til þess að þau merki sem umboðsmaðurinn notaði til stuðnings skráningarhæfi hins umdeilda merkis hefðu á sínum tíma verið talin skráningarhæf en þau væru hins vegar ekki sambærileg merki áfrýjanda. Einnig var vísað til þess að vörumerkjaréttur væri landsbundinn og stofnunin tæki því sjálfstæðar ákvarðanir um skráningarhæfi vörumerkja. Að lokum var bent á að svo virtist sem merkið hefði ekki fengist skráð í Noregi öfugt við það sem umboðsmaður hafi haldið fram auk þess sem ekki hefðu verið lögð fram gögn um notkun merkisins frá 1985 eins og umboðsmaður áfrýjanda rakti. Var því ekki fallist á skráningu merkisins BodyFit, sbr. umsókn nr. 357/2012.

Í bréfi umboðsmanns áfrýjanda, dags. 17. maí 2013, var vörulistinn leiðréttur þannig að orðið "mjólkursykur" kæmi í sviga á eftir orðinu "laktósi" og var vísað til fræðirits þar sem fram kæmi að það væri ekki talið ásættanlegt að skipta nýmynduðum orðum upp og meta hvern hluta fyrir sig, heldur bæri að meta heildarmynd í samhengi við vöru/þjónustu. Umboðsmaður varnaraðila hnykkti á því að málfræðileg samsetning orðmerkisins væri ekki eðlileg og þá væri vörulisti umsóknarinnar sérhæfður. Þá sagði orðrétt:

> BodyFit er ekki „rétt enska". Orðið „fit" getur bæði verið sagnorð og lýsingarorð sem gerir það að verkum að nýyrðið BodyFit er margrætt. Hvort sem orðið „fit" er skilið sem lýsingarorð eða sagnorð felur BodyFit í sér málfræðilega „ranga" samsetningu á ensku.
>
> Orðið „fit" er þar að auki ekki lýsandi eða sérkennalaust fyrir ofangreindar vörur, sbr. til dæmis laktósa og lyfjaflögur.

Þá var vísað til þess að bera yrði saman merkingu orða og viðkomandi vöru/þjónustu. Einnig var vísað til dóms dómstóls Evrópubandalaganna (EB-dómstólsins) í sk. POSTKANTOOR-máli.[2] Jafnframt var vísað til dóms fyrsta dómstigs í Evrópusambandinu í sk. FITCOIN-máli.[3] Þá sagði orðrétt:

> Umsókn nr. 357/2012 BodyFit nær yfir ýmsar vörur í 5. flokki og hér með er ítrekað að merkið skortir ekki aðgreiningarhæfi fyrir þær vörur. Orðið „fit" er ekki lýsandi í skilningi 13. gr. vml.

[2] C-363/99.
[3] T-272/11.

fyrir þær vörur sem tilgreindar eru hér að framan. BodyFit er enn síður lýsandi fyrir sömu vörur og það skortir ekki aðgreiningarhæfi, sbr. það sem fyrr segir um nýmynduð orð.

Umboðsmaður áfrýjanda kvað þörf á að meta skráningarhæfi merkisins á nákvæman og gagnsæjan hátt ef virða ætti rétt eiganda þess og rökstyðja þyrfti ákvörðun út frá því. Þá voru ítrekuð fyrri ummæli um vísbendandi merki og vísað til DOUBLEMINT-máls Evrópudómstólsins.[4] Að lokum var farið fram á að merki áfrýjanda yrði samþykkt til skráningar.

Í bréfi ELS til umboðsmanns áfrýjanda, dags. 31. maí 2013, kom fram að það væri enn mat stofnunarinnar að merkið væri lýsandi ásamt því að skorta sérkenni og aðgreiningarhæfi fyrir þær vörur sem því væri ætlað að auðkenna, sbr. 1. mgr. 13. gr. vml. ELS taldi að á íslensku myndi merkið útleggjast sem „hraustur líkami" eða „passar líkamanum" og taldi ELS merkið því almennt og sérkennalaust sem auðkenni fyrir þær vörur sem umsókn næði til enda væri það lýsandi fyrir mikilvæga eiginleika þeirra. Þá sagði orðrétt:

> Í merkingunni *hraustur líkami* telur Einkaleyfastofan merkið sérkennalaust fyrir t.d. eftirtaldar vörur sem það óskast skráð fyrir í flokki 5 þar sem það gefur beinlínis til kynna að sá sem notar þær öðlist hraustan líkama: *sérfæði og næringarefni fyrir menn og dýr, barnamatur; fæðubótarefni fyrir menn og dýr; mjólkurkennt hveiti/mjöl (fyrir börn).*
>
> Þá telur Einkaleyfastofan að í þýðingunni *passar líkamanum* sé merkið sérkennalaust fyrir t.d. eftirtaldar vörur sem það óskast skráð fyrir í flokki 5 þar sem það gefur beinlínis til kynna að vörurnar séu til þess fallnar að passa líkama þess er þær notar: *dömubindi; buxnainnlegg (til hreinlætisnota); tíðartappar/túrtappar; bleyjur; bindi/púðar/hlífar til að nota í tengslum við lausheldni/þvaglega/hægðarleka; innlegg til að nota í tengslum við lausheldni/þvaglega/hægðarleka.*
>
> Að mati Einkaleyfastofunnar gefur merkið, auk framangreinds, til kynna með beinum hætti að þær vörur sem því er ætlað að auðkenna stuðli að góðri heilsu þeirra sem þær nota, þar sem merkið er til þess fallið að vekja þau hughrif meðal almennings. Í því sambandi er merkið því almennt og sérkennalaust fyrir allar tilgreindar vörur í flokki 5, þar sem það er lýsandi fyrir mikilvæga eiginleika varanna.

ELS taldi merkið ekki til þess fallið að aðgreina vörur áfrýjanda frá sambærilegum vörum annarra, sbr. 1. mgr. 13. gr. vml. Stofnunin taldi merkið samanstanda af tveimur almennum og sérkennalausum enskum orðum sem mynduðu saman lýsandi heild fyrir vörulistann. Bent var á að merki gætu verið sérkennalaus þó svo að um erlent tungumál væri að ræða ef ætla mætti að þorri almennings þekkti málið. ELS vísaði til þess að orðasamband yrði ekki sjálfkrafa sérkennilegt við það að skeyta saman tveimur sérkennalausum orðum. ELS kvað því merkið ekki vísbendandi heldur almennt og sérkennalaust fyrir þær vörur í flokki 5 sem því væri ætlað að auðkenna enda gæfi það eiginleika varanna til kynna.

---

[4] C-191/01.

II.

Umboðsmaður áfrýjanda skaut ákvörðun ELS til áfrýjunarnefndar með bréfi, dags. 17. júlí 2013. Í greinargerð hans til nefndarinnar, dags. 18. desember 2013, kom fram að hann teldi merkið til þess fallið að greina þær vörur sem umsókn næði til frá vörum annarra og að neytendur myndu líta svo á að þær kæmu frá áfrýjanda. Ítrekað var að merkið BODYFIT hefði fengist skráð erlendis ekki aðeins í nafni áfrýjanda heldur einnig í nafni ýmissa aðila. Þá kom fram að sótt hefði verið um skráningu í Noregi en þar væri þegar skráð orð- og myndmerkið BodyFit Technology. Því næst taldi umboðsmaður áfrýjanda upp dæmi um skráningar á vörumerkinu BODYFIT og benti á að það hefði verið metið þannig að merkið uppfyllti kröfur 7. gr. reglugerðar um Evrópumerki. Þá var vísað til þess að merkið BodyFit óskaðist skráð til að auðkenna fjölbreyttar og sérhæfðar vörur en ekkert í rökstuðningi ELS bæri með sér að mati umboðsmannsins að merkið hafi verið metið með hliðsjón af vörulistanum af tilskilinni nákvæmni. Því næst var vísað til þess að hinn 1. janúar 1994 hefðu tekið gildi breytingar á vörumerkjalögum vegna aðildar Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Í kjölfarið hefði þurft að laga vörumerkjalögin að tilskipun 89/104/EBE (nú 95/2008). Umboðsmaður áfrýjanda hélt því fram að hið umdeilda merki uppfyllti kröfur 3(1)(b) og 3(1)(c) tilskipunarinnar. Bent var á að við túlkun á 13. gr. íslensku vml. bæri m.a. að líta til vörumerkjatilskipunarinnar en af henni mætti leiða þann tilgang með skráningu vörumerkja að vörumerki gætu þjónað því hlutverki að tilgreina viðskiptalegan uppruna vöru/þjónustu gagnvart neytendum. Þá voru fyrri röksemdir reifaðar.

Í bréfi ELS til áfrýjunarnefndar, dags. 17. febrúar 2014, var ítrekað að orðasambandið BODYFIT væri almennt og sérkennalaust fyrir þær vörur og þjónustu sem merkinu væri ætlað að auðkenna. Einnig væri talið að merkið væri lýsandi fyrir eiginleika tilgreindra vara og þjónustu. ELS ítrekaði að vörumerkjarétturinn væri landsbundinn og að tilvísun til orð- og myndmerkja ætti ekki við enda væri annað mat lagt á slík merki heldur en orðmerki. ELS vísað til þess að heildarmynd væri metin við mat á skráningarhæfi merkis. ELS taldi hið umdeilda merki til þess fallið að valda þeim tengslum í huga neytenda að um væri að ræða annars vegar vörur sem féllu vel að líkamanum og hins vegar vörur sem ættu að gera líkamann hraustan. Stofnunin kvaðst ekki telja merkið til þess fallið að aðgreina vörur áfrýjanda frá sambærilegum vörum annarra, sbr. 1. mgr. 13. gr. vml. ELS benti á að ákvarðanir á grundvelli 13. gr. vml. væru matskenndar en stofnunin hefði tekið ákvarðanir innan ramma ákvæðisins og byggt ákvarðanir á málefnalegum sjónarmiðum. Að lokum ítrekaði ELS ákvörðun sína um að skráning merkisins BODYFIT skyldi hafnað.

Í bréfi umboðsmanns áfrýjanda til áfrýjunarnefndar, dags. 9. maí 2014, kom fram að meta bæri sérkenni merkis með hliðsjón af neytendum og málnotkun á Íslandi. Þá voru fyrri röksemdir ítrekaðar. Því næst var vísað til þess tilgangs vörumerkjatilskipunar Evrópusambandsins að tryggja virkni vörumerkja sem auðkenna fyrir viðskiptalegan uppruna. Umboðsmaður áfrýjanda lagði áherslu á að rökstuðningur ákvarðana skráningaryfirvalda þyrfti að vera atviksbundinn svo ljóst væri að stjórnvald hefði tekið hið tiltekna mál til sjálfstæðrar rökstuddrar úrlausnar. Vísað var til dóms EB-dómstólsins í sk. CELLTECH-máli[5]. Umboðsmaður áfrýjanda hélt því fram að BodyFit yrði samþykkt til skráningar ef sömu viðmiðum yrði fylgt og í framangreindu máli en merkið þyrfti að meta með hliðsjón af íslenskum neytendum.

Í bréfi ELS til áfrýjunarnefndar, dags. 9. júlí 2014, kom fram að hún teldi CELLTECH-dóminn ekki sambærilegan því máli sem hér væri til umfjöllunar. Þá voru fyrri röksemdir ítrekaðar og skráningu merkisins BODYFIT hafnað á grundvelli 1. mgr. 13. gr. vml.

Niðurstaða

III.

Í málinu er deilt um hvort orðmerkið BODYFIT, fyrir nánar tilgreindar vörur í flokki 5, sbr. umsókn nr. 357/2012, sé almenns eðlis og hafi til að bera nægjanlegt sérkenni og aðgreiningarhæfi til að vera til þess fallið að greina vörur merkiseiganda frá vörum annarra og uppfylli þannig skilyrði 13. gr. vörumerkjalaga nr. 45/1997 (vml.) um skráningarhæfi merkja. Þá var því haldið fram fyrir áfrýjunarnefnd af hálfu ELS að merkið væri einnig lýsandi, en á því var ekki byggt þegar merkinu var upphaflega synjað um skráningu.

Merki sem eingöngu teljast lýsandi uppfylla ekki skilyrði 13. gr. vml. Sama gildir um merki sem byggja á algengum táknum eða orðasamböndum sem notuð eru í viðskiptum eða daglegu lífi. Skilyrðið um að merki skuli hafa sérkenni er rökstutt með því að annars vegar séu lýsandi merki ekki til þess fallin að greina vörur merkiseiganda frá vörum annarra og hins vegar að enginn skuli fá einkarétt á orðum sem allir á viðkomandi sviði viðskipta hafi þörf á að nota. Við mat á því hvort merki uppfylli skilyrði um sérkenni þarf að skoða hvert tilvik fyrir sig og meta aðstæður allar, eins og fyrir hvaða vörur merki óskast skráð, fyrri notkun o.fl. Ekki er því sjálfkrafa hægt að byggja á eldri fordæmum eða mati á öðrum merkjum. Orðmerki á

[5] C-273/05.

erlendu tungumáli getur einnig skort sérkenni á Íslandi ef um er að ræða tungumál sem gera má ráð fyrir að þorri almennings þekki til, eins og t.d. gildir um enska tungu.

Í 1. mgr. 13. gr. vml. segir m.a. að merki, sem eingöngu eða aðeins með smávægilegum breytingum eða viðbótum gefa til kynna m.a. tegund vörunnar eða þjónustunnar, ástand, magn, notkun, verð, uppruna eða hvenær varan er framleidd eða þjónustan látin í té, skuli ekki telja nægjanlegt sérkenni. Orðmerkið BODYFIT er samsett úr ensku orðunum BODY, sem þýðir m.a. líkami, og FIT, sem þýðir m.a. hraustur, vel á sig kominn/í góðu formi eða passandi. Þar sem orðin tvö sem mynda merkið eru ekki í hefðbundinni orðaröð miðað við enska málfræði hefur merkið enga beina þýðingu, en vekur einna helst hugrenningatengsl við líkamsrækt og heilsusamlegt mataræði. Í merkingunni að "passa líkamanum" vekur merkið helst þau hugrenningatengsl að um fatnað, og þá einkum íþróttafatnað, sé að ræða, en ekki þær vörur sem taldar eru upp í vörulista umsóknarinnar. Þótt fallast megi á að merkið geti mögulega kallað fram ákveðin hughrif meðal neytenda um að varan passi líkamanum eða stuðli að hreysti verður ekki séð að orðasambandið BODYFIT feli í sér almenna lýsingu á þeim vörum sem sótt er um skráningu fyrir. Að mati áfrýjunarnefndar er merkið því í mesta lagi vísbendandi en ekki lýsandi fyrir þær vörur sem umsóknin tekur til. Þá verður ekki séð að aðrir á viðkomandi sviði viðskipta hafi þörf á að nota orðin BODYFIT til að auðkenna vörur sem heyra undir flokk 5. Áfrýjunarnefnd telur merkið þannig hafa til að bera nægjanlegt sérkenni til að unnt sé að fallast á skráningu þess fyrir þær vörur sem merkinu er ætlað að auðkenna.

Úrskurð þennan kváðu upp Sigrún Brynja Einarsdóttir, formaður áfrýjunarnefndar, Hafdís Ólafsdóttir aðjúnkt og Margrét Sigurðardóttir lögfræðingur.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun Einkaleyfastofunnar frá 31. maí 2013, um að hafna skráningu á vörumerkinu BODYFIT, sbr. umsókn nr. 357/2012, er hrundið.

Sigrún Brynja Einarsdóttir

Hafdís Ólafsdóttir

Margrét Sigurðardóttir

Rétt endurrit staðfestir